

**Minnisblað um starfshætti nokkurra kæru- og úrskurðarnefnda í tengslum við meðferð frumvarps til nýrra jafnréttislaga (272. mál á 125. löggjafarþingi).  
Apríl 2000.**

Til félagsmálanefndar.  
Frá nefndarritara.

**Almennt:**

Í stjórnslunni eru starfandi fjölmargar kæru- og úrskurðarnefndir. Valdsvið þeirra eru mismunandi, flestar hafa nefndirnar fullnaðarúrskurðarvald í stjórnslunni, þannig að ákvarðanir þeirra verða ekki endurskoðaðar nema af dómstólum. Eina leiðin til að hnekkja úrskurðum þeirra er því með málshöfðun. Aðrar nefndir, á borð við kærunefnd jafnréttismála og kærunefnd fjöleignarhúsamála, geta einungis beint tilmælum til hlutaðeigandi, og það er þá í höndum þess, sem telur á sér brotið, að höfða mál fyrir dómstólum sé ekki farið að tilmælum nefndarinnar. Þá eru starfsskilyrði sumra kæru- og úrskurðarnefndanna þannig að ákvörðunum þeirra verður að skjóta til dómstóla innan tiltekinna tímamarka. Í þeim fáu tilvikum sem unnt er að skjóta máli til áfrýjunarnefndar er það jafnan gert að skilyrði að úrskurður áfrýjunarnefndar liggja fyrir áður en máli er stefnt fyrir dómstóla.

Í jafnréttislögum hefur fram til þessa verið heimild til handa kærunefnd jafnréttismála til að höfða mál fyrir hendur þolanda í máli sem nefndin hefur rannsakað. Í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er hins vegar gert ráð fyrir því að þessi réttur verði tekinn af kærunefnd jafnréttismála. Að öllu óbreyttu mun því nefndin eingöngu gefa rökstutt álit um það hvort ákvæði laganna hafi verið brotin, en það verður í höndum málsaðila sjálfra að höfða mál fyrir dómstólum verði ekki farið eftir tilmælum kærunefndar. Aðrar kæru- og úrskurðarnefndir hafa ekki málshöfðunarheimild.

Samkeppnisráð nýtur töluverðrar sérstöðu í stjórnslunni þar sem það getur lagt bann við ákveðnum athöfnum og er heimilt að skilyrða bann ákvörðun um dagsektir sem verður beitt sé brotið gegn banninu. Jafnframt er samkeppnisráði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir sé brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Þá getur samkeppnisráð ákveðið að málsaðili greiði dagsektir þar til farið er að ákvörðun sem ráðið hefur tekið.

Í frumvarpi til laga um persónuvernd er gert ráð fyrir því að stofnunin Persónuvernd hafi heimild til að leggja á dagsektir ef ekki sé farið að fyrirmælum hennar í ákveðnum málum.

**Dagsektir:**

Fjölmargar aðrar stofnanir hafa einnig heimild til að leggja á dagsektir í tilteknum málum, þ. á m. Póst- og fjarskiptastofnun, Náttúruvernd ríkisins, Flugmálastjórn og heilbrigðisnefndir sem starfa samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá má nefna að í barnalögum nr. 20/1992 er að finna heimild til handa sýslumanni til að úrskurða um dagsektir vegna tálmana við umgengnisrétt.

## *Starfshættir nokkurra kærú- og úrskurðarnefnda í stjórnýslunni*

### **Helstu kæruneindir:**

*Jafnréttislög nr. 28/1991, kærunefnd jafnréttismála:*

*Hlutverk:* Tekur við ábendingum um brot á lögnum, rannsakar mál og sendir niðurstöður rannsókna til þeirra sem málið varðar.

*Úrræði:* Telji nefndin að ákvæði 2. - 13. gr. laganna séu brotin skal hún beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Fallist aðili ekki á tilmæli nefndarinnar er henni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann.

*Fjöleignarhúsalög nr. 26/1994, kærunefnd fjöleignarhúsamála:*

*Hlutverk:* Eigendur fjöleignarhúsa geta óskað eftir álitserð um ágreiningsefni sín hvað varðar réttindi og skyldur samkvæmt lögnum.

*Úrræði:* Telji nefndin að lögin hafi verið brotin og á rétt aðila hallað beinir hún tilmælum um úrbætur til gagnaðila. Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars æðra stjórnvalds.

*Húsaleigulög nr. 36/1994, kærunefnd húsaleigumála:*

*Hlutverk:* Aðilar geta snúið sér til kærunefndarinnar með ágreining um gerð og/eða framkvæmd leigusamnings.

*Úrræði:* Kærunefndin gerir álitserð um ágreiningsefnið. Kærunefndin getur einnig tekið mál fyrir að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum. Í slíkum tilvikum getur hún látið frá sér fara álit og tilmæli. Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars æðra stjórnvalds.

*Húsnæðislög nr. 44/1998, kærunefnd húsnæðismála:*

*Hlutverk:* Ef umsækjandi um lán eða lánþegi telur á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laganna getur hann skotið viðkomandi afgreiðslu eða ákvörðun til kærunefndar. Sama gildir um umsækjanda um viðbótlán eða lánþega slíks láns ef hann telur á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar.

*Úrræði:* Nefndin sker úr ágreiningsefnum með úrskurði. Ágreiningsefnum verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

*Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, kærunefnd og lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, kærunefnd:*

*Hlutverk:* Leysir úr ágreiningi um ákvarðanir Fjármálaeftirlits.

*Úrræði:* Nefndin sker úr ágreiningsefnum með úrskurði. Úrskurðir hennar eru endanlegir á stjórnýslustigi.

### **Nokkrar úrskurðarneindir:**

*Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, úrskurðarnefnd félagsþjónustu:*

*Hlutverk:* Fjallar um málsmeðferð, rétt til aðstoðar, hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur viðkomandi sveitarstjórnar og greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann.

*Úrræði:* Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnýslunnar.

*Almannatryggingalög nr. 117/1993, úrskurðarnefnd almannatrygginga:*

*Hlutverk:* Fjallar um ágreining um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta.

*Úrræði:* Nefndin er sjálfstæð og úrskurðum hennar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Nefndin getur hins vegar ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar að kröfu málsaðila. Slík frestun er bundin því að málsaðili beri málið undir dómstóla innan tiltekins frests og óski

## *Starfshættir nokkurra kærú- og úrskurðarnefnda í stjórnýslunni*

flýtimeðferðar. Þá getur Tryggingaráð höfðað mál til að fá hnekt úrskurði nefndarinnar. Sömu reglur gilda um kærurétt samkvæmt ákvæðum laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

*Upplýsingalög nr. 50/1996, úrskurðarnefnd upplýsingamála:*

*Hlutverk:* Úrskurðar um synjun stjórnvalds um að veita aðgang að gögnum.

*Úrræði:* Um nefndina fer eftir ákvæðum stjórnýslulaga nr. 37/1993. Nefndin er sjálfstæð og verður úrskurðum hennar ekki skotið til æðra stjórnvalds. Nefndin getur að kröfu stjórnvalds frestað réttaráhrifum úrskurðar með því skilyrði að ágreiningsefnið verði borið undir dómstóla.

*Lög um stjórn, stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, úrskurðarnefnd skipuð af Biskupi Íslands:*

*Hlutverk:* Úrskurðar um ágreining á kirkjulegum vettvangi og siðferðis- eða agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar.

*Úrræði:* Nefndin getur mælt með áminningu, tilflutningi í starfi, því að viðkomandi skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða endanlegri brottvikningu. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar. Úrskurðir áfrýjunarnefndar eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

*Lög um rafræna skráningu verðbréfa nr. 131/1997, úrskurðarnefnd verðbréfamistöðva:*

*Hlutverk:* Úrskurðar um ágreining sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamistöð eða annarra atriða sem falla undir gildissvið laganna, þó ekki um skaðabótakröfur.

*Úrræði:* Fellir rökstuddan úrskurð í kærumáli. Mál sem heimilt er að skjóta til úrskurðarnefndar verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð. Eftir kærumeðferð verður að bera mál undir dómstóla innan fjögurra vikna frá því aðilum var kynntur úrskurðurinn.

*Áfengislög nr. 75/1998, úrskurðarnefnd um áfengismál:*

*Hlutverk:* Úrskurðar um ágreining vegna ákvarðana sveitarstjórna um áfengismál.

*Úrræði:* Nefndin er sjálfstæð í störfum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda. Um meðferð mála hjá nefndinni fer í aðalatriðum eftir stjórnýslulögum.

*Lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála:*

*Hlutverk:* Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kærú til nefndarinnar.

*Úrræði:* Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnýslustigi og verða ekki bornir undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar liggur fyrir.

*Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna:*

*Hlutverk:* Úrskurðar um fiskiverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa.

*Úrræði:* Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskiverð, hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði, er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar. Óheimilt er að semja um annað fiskiverð við einstaklinga í áhöfn. Ákvörðun nefndarinnar skal lögð til grundvallar fyrir dómi, nema nánar tiltekin ákvæði laga um sammingsbundna gerðardóma eigi við.

## *Starfshættir nokkurra kær- og úrskurðarnefnda í stjórnýslunni*

### **Nánar um Samkeppnisstofnun:**

*Hlutverk samkeppnisyfirvalda:* Samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála annast daglega stjórnýslu á sviði laganna. Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál, en þær skulu lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi þess. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum.

*Úrræði:* Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kær- til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Ákvörðun samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir. Vilji aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar getur hann höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

*Dagsektir, bannákvæði og stjórnvaldssektir:* Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem fara í bága við tiltekin ákvæði laganna. Ef banninu er ekki hlýtt getur samkeppnisráð ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Einnig má ákvörðun um dagsektir fylgja banni, þannig að þær komi til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 50 þúsundum til 500 þúsunda króna á dag. Áður en til banns kemur getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt, en hún gildir þá sem bann.

Þá getur samkeppnisráð lagt stjórnvaldssektir sem renna til ríkissjóðs á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim nema brotið teljist óverulegt eða ekki sé talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi, svo og þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið og þess ávinnings sem þær hafa haft í för með sér. Sektir geta að meginstefnu til numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna.

### **Persónuvernd:**

Í frumvarpi til nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem nú liggur fyrir Alþingi segir að stofnunin Persónuvernd sé sjálfstæð í störfum sínum og að hún úrskurði í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga. Ákvörðunum stofnunarinnar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda og verða þær því eingöngu bornar beint undir dómstóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Persónuvernd geti lagt á dagsektir ef ekki er farið að fyrirmælum hennar í ákveðnum málum, t.d. varðandi notkun kennitölu og leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi persónuupplýsinga. Tekið er fram í frumvarpinu að ef ákvörðun um dagsektir sé skotið til dómstóla byrji þær ekki að falla á fyrr en dómur sé endanlegur.

### **Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar:**

*Hlutverk:* Starfar samkvæmt einkaleyfalögum nr. 17/1991, lögum um hönnunarvernd nr. 48/1993 og vörumerkjalogum nr. 45/1997 og úrskurðar um ágreining um ákvarðanir skráningaryfirvalda (Einkaleyfastofu). Samkvæmt einkaleyfalögum má ekki höfða dómsmál vegna þeirra ákvarðana Einkaleyfastofu sem skjóta má til áfrýjunarnefndar fyrr en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Í vörumerkjalogum segir að ákvörðunum Einkaleyfastofu megi skjóta til nefndarinnar innan tveggja mánaða frá ákvörðunardegi. Ef úrskurðar dómstóla sé óskað beri að höfða mál innan þriggja mánaða frá því Einkaleyfastofa eða áfrýjunarnefnd tók ákvörðun sína. Um nefndina og starfshætti hennar hefur verið sett reglugerð nr. 41/2000.